

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2017

2018/EES/78/09

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1825 frá 6. september 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 901/2014 að því er varðar stjórnsýslukröfur um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 46c (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 901/2014) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32016 R 1825:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1825 frá 6. september 2016 (Stjtíð. ESB L 279, 15.10.2016, bls. 47).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/1825, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 279, 15.10.2016, bls. 47.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.